



PÍNGGERÐ UMSK 1998



74. Ársfling,

félagsheimilinu

seltjarnarnesi,

7. febrúar 1998



74. Ársþing UMSK haldið í Félagsheimili Seltjarnarness, þann 7. febrúar 1998

1. Þingsetning

Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings. Í ávarpi sínu minntist hann á stóra íþróttaviðburði sem fóru fram s.l. sumar þ.e. Landsmót UMFÍ og Smáþjóðaleikana. Þá lýsti hann ánægju sinni með samruna ÍSÍ og ÓÍ sem varð að veruleika á síðasta ári. Að lokum minntist formaður á 75 ára afmæli UMSK og velti fyrir sér örri þróun sem orðið hefur á síðustu 25 árum.

Gestir þingsins voru Unnur Stefánsdóttir og Hafsteinn Pálsson frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ og Jón Ármann Héðinsson f.v. formaður UMSK.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Þingið hófst á því að Svanur M. Gestsson formaður UMSK bar upp tillögu um Ernu Nielsen og Pál Aðalsteinsson, sem þingforseta.

Tillagan var samþykkt með lófataki.

3. Kosning þingritara

Nú tók Erna Nielsen við þingstjórn og byrjaði hún á því að þakka þingfulltrúum það traust sem henni var sýnt með kjörinu. Að því loknu bar hún upp tillögu um Guðrúnuínu Einarsdóttur og Guðrúnu B. Vilhjálmisdóttur sem þingritara.

Tillagan var samþykkt með lófataki.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Því næst bar hún upp tillögu um Gísla Birgisson, Valdimar L. Friðriksson og Kristján Jónatansson í kjörbréfanefnd og var tillagan samþykkt samhljóða. Tók nefndin þegar til starfa.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur Gestsson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar. Hann stiklaði á efnisdráttum skýrslunnar sem lá prentuð frammi með þinggögnum. Hann staldraði við á nokkrum stöðum og benti m.a. sambandsaðilum á mikilvægi þess að standa vel að gerð starfskýrsla og skila þeim á réttum tíma.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Hilmarsson greindi frá endurskoðuðum reikningum sambandsins sem lágu fyrir prentaðir í ársskýrslu UMSK.



7. Ávörp gesta

Fyrst tók til máls Unnur Stefánsdóttir fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Unnur minntist fyrst á nýkrýndann heimsmeistara í stangarstökki, Völu Flosadóttur og risu þingfulltrúar úr sætum og klöppuðu fyrir Völu. Unnur flutti því næst kveðjur frá Ellerti B. Schram, forseta ÍSÍ og Stefáni Konráðssyni, framkvæmdastjóra ÍSÍ sem gátu ekki verið viðstaddir þingið, en þeir voru við setningarathöfn Ólympíuleikanna í Naganó sem fram fór í morgun. Hún minntist á 75 ára afmæli UMSK og þær ófáu hendur sem unnið hafa svo mikið starf á þeim tíma. Unnur kom aðeins inn á góðan árangur íþróttamanna innan UMSK á síðasta ári og ágætan árangur sambandsins á Landsmóti UMFÍ. Unnur sagði frá starfi hinna nýju samtaka þ.e. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, en unnið er samkvæmt nýju skipuriti. Skipt hefur verið upp í tvö svið; afrekssvið og útbreiðslu- og þróunarsvið. Afrekssviðið hefur með afreksíþróttir og Ólympíumál að gera en helstu verkþættir útbreiðslu- og þróunarsviðs eru barna- og unglingsíþróttir, almenningsíþróttir, forvarnir og fræðslumál. Unnur minntist þá á öll þau verkefni sem unnið er að á vegum ÍSÍ. Hún ræddi um þá miklu sameiningarumræðu sem á sér stað víða í þjóðfélaginu og hvatti til þess að íþróttahreyfingin skoðaði þau mál af alvöru. Að lokum lýsti hún ánægju sinni með hinn frábæra Íþrótt- og tólmstundaskóla sem komið hefur verið á fót í Mosfellsbæ og sagði hann vera fyrirmynd slíkra skóla.

Næstur tók til máls Þórir Jónsson, formaður UMFÍ. Hann flutti þinginu kveðjur frá stjórn UMFÍ og þakkaði góða skýrslu UMSK. Þórir lýsti ánægju sinni með afkomu sambandsins og þann stöðugleika sem hefur verið á rekstri þess á undanförmum árum. Þó sagði hann að það sýndi ekki allt því afkoma væri sjálfsagt misjöfn hjá aðildarfélagunum. Hann sagði frá þjónustumiðstöð UMFÍ sem er til húsa að Fellsmúla 26, þar er rekin skrifstofa, fundaraðstaða og gistipjónusta. Þá sagði Þórir frá mikilli grósku í fræðslumálum, en þar væri að vænta framhalds. 22. Landsmót UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi var stærsta einstaka verkefnið á síðasta ári en tillögur koma alltaf öðru hvoru um breytingar á þeim en slík umræða er alltaf viðkvæm. Hann sagði frá næsta Landsmóti sem haldið verður á Egilsstöðum árið 2001 en miklar endurbætur á aðstöðu eru fyrirhugaðar fyrir mótið. Þórir sagði frá að í athugun væri að halda mótið árið 2004 á Selfossi en fleiri sambandsaðilar hafa sýnt því áhuga. Þá hvatti Þórir fulltrúa til að standa vörð um Getraunir og Lottó en þessi fyrirtæki gefa hreyfingunni góðan arð. Þórir kom aðeins að sameiningarmálum, hann sagðist vilja sjá hvernig hin nýsameinuðu samtök mundu þróast áður en umræða um frekari sameiningu fer



af stað. Að lokum óskaði hann þingfulltrúum allra heilla í störfum, bæði hér á þinginu sem og heima hjá sínum félögum.

Næst kvað sér hljóðs Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ. Hafsteinn bar upp tillögu þess efnis að þingið sendi Völu Flosadóttur, Íþróttafélagi Reykjavíkur og Frjálsíþróttasambandinu hamingjuóskir með heimsmetið. Fulltrúar samþykktu tillöguna með lófataki.

Þingforseti tók næst til máls og kvaðst vísa tillögu Hafsteins til stjórnar að framkvæma. Þá las hún símskeyti sem borist hafði.

"Þakka vinsamlegt boð ykkar á héraðþingið. Get því miður ekki þegið það að þessu sinni. Með bestu kveðjum og von um árangursríkt þing."

Reynir G. Karlsson, íþróttafulltrúi

8. Álit kjörbréfa- nefndar

Gísli Birgisson formaður kjörbréfanefndar sté því næst í pontu og gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Kjörbréf bárust fyrir 56 fulltrúa frá 15 félögum af 31. Gísli las því næst kjörbréfin og bað fulltrúa að rísa úr sæti þegar nafn þeirra væri lesið. Mættir voru eftirtaldir fulltrúar:

frá UMFA

Ingibjörg B. Jóhannesd.
Stefanía Helgadóttir
Valdimar L. Friðriksson
John Alwood
Jóna Þorvarðardóttir
Páll Aðalsteinsson
Anna H. Gísladóttir
Sigurður Guðmundsson
Svanur M. Gestsson
Ágúst Óskarsson

frá Breiðabliki

Ásgeir Friðgeirsson
Sigrún Jónsdóttir
Kristján Jónatansson
Hannes Jónsson
Einar Sigurðsson
Páll Þór Ármann
Ólína Sveinsdóttir
Ingibjörg Hinriksdóttir

frá UMFB

Kristján Sveinbjörnsson

frá Gróttu

Einar Jóhannsson
Anna K. Kristinsdóttir

frá HK

Albert H.N. Valdimarss.

frá Gerplu

Erlendur Tryggvason
Gunnlaugur Hjálmarsson

frá Keilufélagi Garðabæjar

Sigurjón Guðfinnsson

frá Ými

Ólafur Bjarnason
Páll Hreinsson



frá Gusti

Pórdís Rúnarsdóttir
Hulda G Geirsdóttir
Sævar Kristjánsson

frá Herði

Einar Ragnarsson

frá Andvara

Sveinn Gaukur Jónsson
Ágúst Hafsteinsson

frá Tennisfélagi Kópavogs

Bára Sigurðardóttir

frá Golfklúbbi Ness

Geirarður Geirarðsson
Árni Halldórsson

Frá Hvönn

Hafsteinn Ö Guðmundss.
Guðrún B. Ágústsdóttir

Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Engin umsókn um aðild lá fyrir þinginu og féll þessi liður því niður.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Páll Aðalsteinsson þakkaði greinagóða skýrslu. Hann hvatti fundarmenn til þess að tjá sig um skýrslu stjórnar og reikninga. Þá þakkaði hann fyrir góða daga sem hann átti með UMSK á Landsmóti UMFÍ í Borgarnesi s.l. sumar.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Enginn kvað sér hljóðs varðandi reikninga sambandsins og voru reikningar því bornir undir atkvæði.

Þeir voru samþykktir samhljóða.

Kaffihlé

Er hér var komið sögu var gert fundarhlé og skoðuðu þingfulltrúar æfingu hjá fimleikadeild Gróttu og var það hin besta sýning. Að sýningunni lokinni voru veittar eftirfarandi viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþróttá- og félagsmála:

Félagsmálaskjöldur UMSK

Guðrún Magnúsdóttir

Aftureldingu

Afreksbikar UMSK

Sigurður Sveinsson

HK

Frjálsíþróttabikar UMSK

Rafn Árnason

Aftureldingu



Sundbikar UMSK

Gígja Hrönn Árnadóttir Aftureldingu

UMFÍ-bikarinn

Meistarfl. ka. handk.leik Aftureldingu

Að þessum heiðrunum loknum bauð bæjarstjórn Seltjarnarness fulltrúum og gestum til kaffiveitinga í félagsheimilinu. Þá notaði Svanur M. Gestsson formaður tækifærið og afhenti starfsmerki UMSK til eftirtalinna einstaklinga sem þakklæti fyrir vel unnin störf.

Starfsmerki UMSK

| | |
|-------------------------|-------------|
| Stefanía Helgadóttir | Afturelding |
| Ágúst Óskarsson | Afturelding |
| Sigurjón Guðfinnsson | KGB |
| Guðrún Ína Einarsdóttir | Gróttá |
| Elías Halldór Leifsson | Gróttá |
| Ómar Gunnarsson | Gróttá |
| Kristján Guðlaugsson | Gróttá |

Einnig stóð til að afhenda eftirtöldum starfsmerki, en þeir voru fjarstaddir og verður þeim afhent merkið við fyrsta tækifæri:

| | |
|----------------------|------------|
| Þórður Guðmundsson | Breiðablik |
| Sverrir Hauksson | Breiðablik |
| Guðmundur Oddsson | Breiðablik |
| Þorsteinn Hilmarsson | Breiðablik |
| Bragi Brynjarsson | Breiðablik |
| Lárus Blöndal | Stjarnan |
| Alda Helgadóttir | Stjarnan |

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Í kjörnefnd voru kjörnir Einar Jóhannsson, Ingibjörg B. Jóhannesdóttir og Ólafur Bjarnason.

Aðrar nefndir voru þannig skipaðar:

Fjárhagsnefnd:

Páll Þór Ármann
John Alwood
Anna Gísladóttir
Hannes Jónsson
Anna Kristín Kristinsdóttir
Einar Ragnarsson
Ágúst Hafsteinsson
Árni Halldórsson

Allsherjarnefnd:

Kristján Sveinbjörnsson
Stefanía Helgadóttir
Sigurður Guðmundsson
Kristján Jónatansson
Ásgerður Halldórsdóttir
Hulda Geirsdóttir
Bára Sigurðardóttir
Hafsteinn Guðmundsson



13. Fjárhagsáætlun lögð fram

Laganefnd

| | |
|-------------------------|-------------------------|
| Ólína Sveinsdóttir | Sveinn Gaukur Jónsson |
| Jóna Þorvarðardóttir | Geirharður Geirharðsson |
| Sigrún Jónsdóttir | Guðrún B. Ágústsdóttir |
| Einar Sigurðsson | Páll Hreinsson |
| Ingibjörg Hinriksdóttir | Erlendur Tryggvason |

Albert H.N. Valdimarsson, gjaldkeri UMSK flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 1998, en hún lá frammi merkt þingskjal nr. 2. og lagði til að henni yrði vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun 1998

Tekjur:

| | |
|-----------------------|------------------|
| Útbreiðslustyrkur | 1.700.000 |
| Getraunir | 700.000 |
| Lottó | 2.000.000 |
| Skattur aðildarfélaga | 1.200.000 |
| | <u>5.600.000</u> |

Gjöld:

| | |
|---------------------------|------------------|
| Rekstur skrifstofu | 3.200.000 |
| Þing og sérráð | 200.000 |
| Skattur til UMFÍ og ÍSÍ | 500.000 |
| Styrkir og viðurkenningar | 600.000 |
| Lagt í Landsmótssjóð | 500.000 |
| Annar kostnaður | 600.000 |
| · Styrkir | |
| · Mótahald | |
| | <u>5.600.000</u> |

Ingibjörg Jóhannsdóttir gerði athugasemd við liðinn "skattur aðildarfélaga" í fjárhagsáætlun, hún sagði að hann miðaði að fækkun félaga en það væri örugglega ekki stefna sambandsins

Þingforseti þakkaði fyrir ábendinguna og vísaði athugasemd Ingibjargar til fjárhagsnefndar.

Birgir Ari Hilmarsson flutti tillögur til lagabreytinga frá stjórn. Vísað til laganefndar

14. Laga og reglu- gerðabreytingar lagðar fram



Pingskjal nr. 9

Tillaga til breytinga á lögum UMSK

74. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 7. febrúar 1998 samþykkir að núverandi grein nr. 4 í lögum UMSK verði svohljóðandi:
Breytingar eru undirstrikaðar

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en einnar viku fyrirvara.

Pingskjal nr. 10

Tillaga til breytinga á lögum UMSK

74. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 7. febrúar 1998 samþykkir að bæta við núverandi grein nr. 8 í lögum UMSK eftirfarandi lið:
19. f Kosning til Íþróttáþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttáþing er haldið.

Einnig verði endurskoðendur breytt í skoðunarmenn reikninga í lið 19. d

Greinin hljóði þá svo með áorðnum breytingum

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.



16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitum nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning í héraðsdómstól.
 - f. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er haldið.
20. Þingslit.

Þingskjal nr. 11

Tillaga til breytinga á lögum UMSK

74. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 7. febrúar 1998 samþykkir að inn í lög UMSK bætist eftirfarandi grein og verði grein nr. 2. Númer greina sem á eftir koma breytist í samræmi við það.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk UMSK er:

- a. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ.
- b. Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs, eftir því sem við á og þá í samstarfi við aðildarfélög í viðkomandi sveitarfélagi.
- c. Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
- d. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- g. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélög að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn UMSK, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Birgir Ari Hilmarsson flutti aðrar tillögur frá stjórn og lagði til að þeim yrði vísað til viðeigandi nefnda.



15. Aðrar tillögur lagðar fram

Pingskjal nr. 3 Allsherjarnefnd

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaramámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetja einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

Pingskjal nr. 4 Allsherjarnefnd

74. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambands svæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Pingskjal nr. 5 Fjárhagsnefnd

74. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði **kr. 100** á félagsmenn 16 ára og eldri og **kr. 45** á félagsmenn yngri en 16 ára.

Pingskjal nr. 6 Fjárhagsnefnd

74. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, með það að markmiði að veita öllum börnum og unglingum jafnan aðgang að íþróttum óháð fjölskylduhögum.

Pingskjal nr. 7 Íþróttanefnd

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 3. unglíngalandsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Grafarvogi nú í sumar.

Pingskjal nr. 8 Íþróttanefnd

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Valdimar Leó Friðriksson bað um orðið og kom í pontu þar sem hann flutti eftirfarandi tillögu:

74. Ársþing UMSK... hvetur ríkisvaldið til að stórauka bein fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar.

Tillagan var þvínæst merkt sem **pingskjal nr. 12** og vísað til **fjárhagsnefndar**.

16. Nefndarstörf

Nú hófu nefndir störf um þær tillögur sem bornar höfðu verið upp. Þeir sem ekki höfðu verið skipaðir í nefndir settust í þá nefnd sem þeir höfðu mestan hug á.



17. Afgreiðsla á áliti nefnda

Fyrstur skilaði áliti Páll Þór Ármann formaður Fjárhagsnefndar og lagði hann til að þingskjalið yrði borið upp með þeim breytingum að skattar aðildarféлага hækkuðu um 100.000,- og bætt yrði inn tekjuliðnum tjaldaleiga upp á 150.000,- á gjaldalið. Hækka þá styrkir og viðurkenningar um 150.000,- og bætt verði við 100.000,- í landsmótssjóð. Jafnframt beindi hann þeim orðum til stjórnar að nákvæmari rekstraráætlun verði lögð fram í framtíðinni.

Þingskjalið lítur þá svona út:

Fjárhagsáætlun 1998

Tekjur:

| | |
|-----------------------|------------------|
| Útbreiðslustyrkur | 1.700.000 |
| Getraunir | 700.000 |
| Lottó | 2.000.000 |
| Skattur aðildarféлага | 1.300.000 |
| Tjaldaleiga | 150.000 |
| | <u>5.850.000</u> |

Gjöld:

| | |
|---------------------------|------------------|
| Rekstur skrifstofu | 3.200.000 |
| Þing og sérráð | 200.000 |
| Skattur til UMFÍ og ÍSÍ | 500.000 |
| Styrkir og viðurkenningar | 750.000 |
| Lagt í Landsmótssjóð | 600.000 |
| Annar kostnaður | 600.000 |
| · Styrkir | |
| · Mótahald | |
| | <u>5.850.000</u> |

Einar Sigurðsson tók til máls um fjárhagsáætlun og lagði fram breytingatillögu þess efnis að gjaldaliðir stæðu óbreyttir frá tillögu stjórnar utan þess að 250 þúsund verði notað til að efla getraunastarf aðildarfélaganna.

Ingibjörg B. Jóhannesdóttir lýsti sig alfarið á móti tillögu Einars og bar fram frávísunartillögu á hana.

Frávísunartillaga Ingibjargar var samþykkt með 22 athvæðum gegn 4

Þingforseti bar því næst upp tillögu fjárhagsnefndar að fjárhagsáætlun.

Samþykkt samhljóða

Páll Þór Ármann hélt áfram með tillögur fjárhagsnefndar og lagði til að þingskjöl 5, 6 og 12 yrðu samþykkt óbreytt.

Þingskjöl 5, 6 og 12 voru samþykkt samhljóða.



Pá flutti Páll Þingskjal nr. 8 með smávægilegum breytingum sem urðu í nefndinni.

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna áframhaldandi ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Samþykkt samhljóða.

Kristján Sveinbjörnsson formaður allsherjarnefndar kom næstur í pontu og flutti álit nefndarinnar.

Lagt til að þingskjal nr. 4 og 7 verði samþykkt óbreytt.

Þingskjöl 4 og 7 voru samþykkt samhljóða.

Nefnin leggur til að þingskjal nr. 3 hljóði svo:

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að senda fulltrúa sína á dómarnámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Samþykkt samhljóða.

Pá flutti Kristján tvær nýjar tillögur frá nefndinni, sem voru númeraðar 13 og 14:

Þingskjal nr. 13

74. Ársþing UMSK... samþykkir að UMSK standi fyrir forvarnarnámskeiði fyrir þjálfara á sambandsvæði sínu. Leitað verði samstarfs við bæjar og sveitarfélög á aðildarsvæðinu.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 14

74. Ársþing UMSK... samþykkir að stjórn sambandsins kynni forystumönnum aðildarfélaga og deilda fjárhagslega ábyrgð sína við rekstur félaganna.

Samþykkt samhljóða.

Ólína Sveinsdóttir formaður laganefndar kom næst í pontu og flutti álit nefndar sinnar. Tillaga nefndarinnar var að samþykkja þingskjöl nr. 9 og 10 óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

Varðandi þingskjal nr. 11 þá lagði nefndin til eftirfarandi tillögu:

Stjórn UMSK skipi nefnd sem fjalli um þingskjal nr. 11. Nefndin skili af sér tillögu fyrir næsta þing.

Samþykkt samhljóða.

Að lokum lagði nefndin til að í c lið 7. gr. og í 10 gr. laga UMSK verði sett inn skoðunarmenn í stað endurskoðendur

Samþykkt samhljóða.



18. Önnur mál

Enginn kvað sér hljóðs undir þessum lið og var því gengið beint til næsta liðar.

19. Kosningar

Einar Jóhannsson formaður kjörnefndar gerði nú grein fyrir álit kjörnefndar. Þingforseti bar síðan upp niðurstöður nefndarinnar og engin móttframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir:

Formaður til eins árs:

Svanur M. Gestsson Afturelding

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Valdimar Leó Friðriksson Afturelding

Sævar Kristjánsson Gustur

Varastjórn til eins árs:

Jóna Þorvarðardóttir Afturelding

Berglind Guðmundsdóttir UMFB

Einar Jóhannsson Gróttá

Skoðunarmenn reikninga til eins árs:

Ólína Sveinsdóttir

Gunnar Páll Pálsson

Til vara:

Kristján Sveinbjörnsson

Hafsteinn Pálsson

Dómstóll til þriggja ára:

Magnús Harðarson

Til vara:

Jón Ingi Ragnarsson

Erna Nielsen þingforseti tók næst til máls og óskaði nýkjörnum formanni og stjórn til hamingju með kjörið. Hún ítrekaði kvöldverðarboð bæjarstjórnar Seltjarnarness í tilefni 75 ára afmælis UMSK þar sem þingfulltrúar og makar eru boðnir velkomnir.

20. Þingslit

Nýkjörinn formaður UMSK, Svanur Gestsson, þakkaði þingfulltrúum traustið sem honum var sýnt með endurkjöri og færði fráfarandi stjórnarmönnum þakkir fyrir gott samstarf í stjórninni og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Að lokum þakkaði hann gestgjöfum fyrir aðstöðuna og fulltrúum fyrir góða fundarsetu.

Guðrún Ína Einarsdóttir
Guðrún B. Vilhjálmisdóttir
þingritarar



Tillögur samþykktar á 73. ársþingi UMSK

Pingskjal nr. 2

Fjárhagsáætlun 1998

Tekjur:

| | |
|-----------------------|------------------|
| Útbreiðslustyrkur | 1.700.000 |
| Getraunir | 700.000 |
| Lottó | 2.000.000 |
| Skattur aðildarféлага | 1.300.000 |
| Tjaldaleiga | 150.000 |
| | <u>5.850.000</u> |

Gjöld:

| | |
|---------------------------|------------------|
| Rekstur skrifstofu | 3.200.000 |
| Ping og sérráð | 200.000 |
| Skattur til UMFÍ og ÍSÍ | 500.000 |
| Styrkir og viðurkenningar | 750.000 |
| Lagt í Landsmótssjóð | 600.000 |
| Annar kostnaður | 600.000 |
| · Styrkir | |
| · Mótahald | |
| | <u>5.850.000</u> |

Pingskjal nr. 3

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að senda fulltrúa sína á dómaramámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Pingskjal nr. 4

74. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandsvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

Pingskjal nr. 5

74. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Pingskjal nr. 6

74. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, með það að markmiði að veita öllum börnum og unglíngum jafnan aðgang að íþróttum óháð fjölskylduhögum.



Pingskjal nr. 7

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 3. unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Grafarvogi nú í sumar.

Pingskjal nr. 8

74. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna áframhaldandi ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Pingskjal nr. 9

Tillaga til breytinga á lögum UMSK

74. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 7. febrúar 1998 samþykkir að núverandi grein nr. 4 í lögum UMSK verði svohljóðandi:
Breytingar eru undirstrikaðar

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en einnar viku fyrirvara.

Pingskjal nr. 10

Tillaga til breytinga á lögum UMSK

74. ársþing UMSK haldið á Seltjarnarnesi 7. febrúar 1998 samþykkir að bæta við núverandi grein nr. 8 í lögum UMSK eftirfarandi lið:
19. f Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.

Einnig verði endurskoðendur breytt í skoðunarmenn reikninga í lið 19. d

Greinin hljóði þá svo með áorðnum breytingum

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.



8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning í héraðsdómstól.
 - f. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er haldið.
20. Þingslit.

Þingskjal nr. 11

Stjórn UMSK skipi nefnd sem fjalli um hlutverk sambandsins. Nefndin skili af sér tillögu fyrir næsta þing.

Þingskjal nr. 12

74. Ársþing UMSK ... hvetur ríkisvaldið til að stórauka bein fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar.

Þingskjal nr. 13

74. Ársþing UMSK... samþykkir að UMSK standi fyrir forvarnarnámskeiði fyrir þjálfara á sambandssvæði sínu. Leitað verði samstarfs við bæjar og sveitarfélög á aðildarsvæðinu.

Þingskjal nr. 14

74. Ársþing UMSK... samþykkir að stjórn sambandsins kynni forystumönnum aðildarfélaganna og deilda fjárhagslega ábyrgð sína við rekstur félaganna.



Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

1. gr. Heiti og sambands­svæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambands­svæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarkaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambands­svæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambands­stjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambands­stjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambands­félögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambands­stjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildar­félögum með eigi minna en einnar viku fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiaðkvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambands­félögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambands­félögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lög­mætt, ef löglega er til þess boðað.



7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitum nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning í héraðsdómstól.
 - f. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
20. Þingslit.

Ef lágsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.



9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarféлага UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeftdar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.



15. gr. Gildistaka


Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

a) Samþykkt héraðsþings UMSK:

1998-02-07

*Erna Nielsen þingforseti
74. ársþings UMSK*



*Ingibjörg B. Jóhannesdóttir,
formaður UMFA í ræðustól á 74.
ársþinginu*





Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári



Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiknefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspymunefnd UMSK



Reglugerð um skólahlaup UMSK

Páttökuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppniserétt í Skólahlaupi UMSK. Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki.

Kept skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Fjórir skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálssíþróttavelli.

Vegalengdir

- 4. bekkur 400 metrar
- 5. bekkur 400 metrar
- 6. bekkur 800 metrar
- 7. bekkur 800 metrar
- 8. bekkur 800 metrar
- 9. bekkur 1500 metrar
- 10. bekkur 1500 metrar

Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tókast í útreikningum við viðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegari.


Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu þátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þátttökuna.



*Frá 74. ársþingi UMSK,
félagsheimilinu Seltjarnarnesi*



*Meistaraflokkur karla UMFA í
handknattleik með UMFÍ bikarinn*



*Pálmi Gíslason, Páll Aðalsteinsson,
Ólína Sveinsdóttir, Ester Jónsdóttir,
Margrét Guðmundsdóttir og
Hafsteinn Pálsson voru heiðruð í
afmælishófi sem haldið var um
kvöldið*





Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

| | | | |
|---------------|--------------------------|------------|-------------|
| Formaður | Svanur M. Gestsson | UMFA | S. 566-6944 |
| Varaformaður | Ester Jónsdóttir | Breiðablik | S. 554-4158 |
| Ritari | Valdimar Friðriksson | UMFA | S. 557-3072 |
| Gjaldkeri | Albert H.N. Valdimarsson | HK | S. 555-2832 |
| Meðstjórmandi | Sævar Kristjánsson | Gustur | S. 564-4888 |

Til Vara:

| | | |
|-------------------------|--------|-------------|
| Jóna Þorvarðardóttir | UMFA | S. 566 6647 |
| Berglind Guðmundsdóttir | UMFB | S. 565 4015 |
| Einar Ingvar Jóhannsson | Gróttu | S. 561 1258 |

